

Umhverfisráðuneyti
b/t. Hafsteins Pálssonar
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

TILV. YÐAR	BRÉF YÐAR	TILV. VOR	DAGS.
símtal, 21.2.2007		320/7335/T6J	28.2.2007

Varðar: Skriðuföll við Grænuhlíð í Eyjafirði í desember 2006

Umhverfisráðuneytið hefur óskað eftir umsögn Veðurstofunnar um greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands um skriðuföll við Grænuhlíð í Eyjafirði 20.–21. desember 2006.

Í greinargerðinni er skriðuföllunum við Grænuhlíð lýst, teknar saman upplýsingar um aðdraga þeirra og sögulegar upplýsingar um skriðuföll á sömu slóðum. Í henni kemur fram að mikið tjón varð á húsum á bænum og drápust m.a. stórgripir í gömlu fjósi sem skriða braut niður að mestu þann 20. desember. Jafnframt kemur fram að skriður féllu á svipuðum slóðum í fjallinu árið 1973. Féll ein þeirra rétt sunnan við Grænuhlíðarbæinn og niður á túnið innan við, en tjón varð ekki á byggingum eða bústofni. Skv. upplýsingum frá Halldóri G. Péturssyni á Náttúrufræðistofnun er enn talsvert fódur í frekari skriður þar sem skriðurnar nú og 1973 áttu upptök þannig að gera má ráð fyrir að hætta á skriðuföllum geti skapast aftur þegar mikið rignir eða í aftakaleysingum. Fjallið fyrir ofan Grænuhlíð hefur hins vegar ekki verið talið til þeirra svæða þar sem skriðufallahætta er mest á Eyjafjarðarsvæðinu og þar eru ekki þykk jarðlög sem hætta er talin á að hlaupið geti fram í miklu stærri hlaupum en nú urðu.

Ljóst er að fólki getur stafað hætta af skriðum á Grænuhlíð og yfirgnæfandi líkur eru á því að áhætta íbúa þar sé yfir því sem talið er viðunandi skv. lögum og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða. Veðurstofan telur ekki þörf á formlegu hættumati til þess að staðfesta þetta vegna þess að búseta er þegar á bænum og ekki um það að ræða að veita leyfi til þess að skipuleggja þar frekari byggð eða veita byggingarleyfi fyrir fleiri byggingum. Hins vegar þarf að ákveða hvort forsvaranlegt sé að byggja bæinn áfram að óbreyttu, og hvort unnt sé að auka öryggi íbúa með einhverjum aðgerðum ef það öryggi þeirra er talið óviðunandi.

Skriður af þeim toga sem féllu úr hlíðinni ofan við Grænuhlíð eru fremur hægfara og laga sig mjög að landslagi samanborðið við snjóflóð eða stór framhlaup úr berggrunni. Ekki þarf nema tiltölulega lágar fyrirstöður til þess að breyta stefnu þeirra og beina þeim frá byggingum þar sem þær geta valdið tjón. Veðurstofan telur fullt tilefni til þess að kannað verði hvort einhverjar varnaraðgerðir ofan íbúðarhússins að Grænuhlíð geti aukið þar öryggi þannig að

áframhaldandi búseta á bænum geti haldist. Slíkar aðgerðir munu að sjálfsögðu ekki breyta hættu á því að tjón verði á útihúsum, vélum eða túnnum næst þegar skriður falla. Hins vegar felst langmest slyshætta í því að skriða falli á íbúðarhúsið. Líklegt er að áhætta íbúa verði viðunandi ef öryggi í íbúðarhúsinu verður tryggt og íbúar og almannavarnayfirvöld hafa varann á við gegningar og aðra vinnu svo og umferð um skriðusvæðið þegar hætta er á skiðuföllum.

Veðurstofan mælir með því að hagkvæmni varnaraðgerða ofan íbúðarhússins verði athuguð og að jafnframt verði sannreynt með jarðfræðilegri könnun á staðnum að hætta á umfangsmeiri framhlaupum úr hlíðinni sé óveruleg eins og nefnt er að framan að talið sé líklegast.

Fyrir hönd veðurstofustjóra,

Tómas Jóhannesson